

Fornleifaskráning í Skaftárdal í Vestur Skaftafellssýslu

Guðrún Sveinbjarnardóttir



Reykjavík 2005

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Ljósmynd á forsíðu: Skaftárdalur, séð í norður. Skaftá er í forgrunni.
Ljósmynd: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

© Guðrún Sveinbjarnardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Fornleifaskráningin - aðferðir	6
Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat	6
Staðhættir og lýsing	6
Heimildarmenn og heimildaskrá	6
Staðhættir í Skaftárdal	6
Byggðasaga	6
Fornleifaskrá	7
Niðurstöður skráningar	21
Heimildaskrá	22

Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Skaftárdals í Vestur Skaftafellssýslu leitaði framkvæmdastjóri Suðurlands-skóga, Björn B. Jónsson til skýrsluhöfundar um að gera fornleifaskráningu á þeim hluta jarðarinnar sem til stóð að leggja undir skógrækt, en samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga verður slík skráning að fara fram áður en framkvæmdir hefjast. Landsvæðið sem skráð var markast af Dalsá að austan og Skaftá að vestan og sunnan, og nær upp að Botnaskafli að norðan (svæðið er markað fjólblárrí línu á útbrotinu korti aftast í skýrslunni). Stór landspilda austan við Dalsá allt að bænum Á, sem er næsti bær austan við Skaftárdal, tilheyrir einnig jörðinni, en þar var ekki skráð. Á því svæði er vitað um minjar og þar eru einnig mörg örnefni sem benda til mannlegra umsvifa. Hálendið var heldur ekki skráð, en þar er eini, friðlýsti staðurinn í landareigninni, býlið Leiðólfsfell. Þetta verður að hafa í huga ef lagt verður út í frekari skógrækt á landareigninni.

Skráning á vettvangi var gerð dagana 13. og 14. ágúst 2004. Með skýrsluhöfundi í ferð var Böðvar Guðmundsson starfsmaður Suðurlandsskóga. Hann útvegaði kort af landareigninni og eru minjarnar, ásamt örnefnum sem benda til mannlegra umsvifa, merkt inná það (sjá kort aftast). Þar sem eru rústir eru stór númer, þar sem eru eingöngu örnefni eru lítil númer, þau sömu og eru í örnefnaskrá.

Sú skráning sem hér er til umfjöllunar er felld inn í drög að skráningu jarðarinnar sem gerð hefur verið inn í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands. Þau drög byggðu eingöngu á Örnefnaskrá jarðarinnar og Friðlýsingaskrá, en ekki var farið á vettvang. Ákveðið var að fella núverandi skráningu að þessum drögum og þess vegna var það sem

liggur utan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis en skráð er í Sarp haft með í þessari skýrslu. Allt sem skráð hefur verið af fornminjum í Skaftárdal er því að finna í þessari skýrslu.

Þrjú íbúðarhús eru nú í Skaftárdal og liggja þau öll saman í hnapp. Eigendur eins þeirra, Sigurður Hjaltason og Aagot Snorradóttir voru gestgjafar okkar á meðan á skráningunni stóð. Eiga þau bestu þakkir skildar fyrir gestrisnina. Eiríkur Jónsson sem síðast bjó í Skaftárdal og á austasta íbúðarhúsið, fór með okkur um landareignina en hann bjó í Skaftárdal frá 1986 til rétt fyrir 2000.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] *hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bæn húsa, klaustra og búða, leifar afverbúðum, naustum og verslunarstöðum og
- byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir

- veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður, vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú og þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. grein.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins, Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir mega halda áfram (sjá 13. gr). Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. Þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing

getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsingu. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.

Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingu.

Markmið fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Hún kemur einnig að notum í minjavörslunni við ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Þá kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er einnig þeim í hag sem stýra framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Það auðveldar þeim að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og gerir þeim kleift að nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Þá minnka líkur ' á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt verður að

rannsaka stórlega, en kostnaður við þær getur verið mikill, auk þess sem tafir á framkvæmdum geta haft mikinn kostnað í för með sér. Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirrg sem standa að framkvæmdum. Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en þar sem þess er ekki kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur Fornleifavernd krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þess vegna (sjá 14. gr. þjml).

Fornleifaskráningin - aðferðir

Fornleifaskráningin í Skaftárdal fylgir sömu aðferðum og fornleifaskrár Þjóðminjasafns Íslands sem skráðar eru í skráningarkerfi sem heitir Sarpur. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá (6 stafa númerið -163435 við hvern minjastað) og jarðaskiptingu eins og hún kemur fram í Jarðatali Johnsens frá 1847 (3ja stafa númerið -122 - við hvern minjastað). Þar á eftir kemur hlaupandi númer, eitt fyrir hvern minjastað fyrir sig. Eins og fyrr segir hafði hluti minjastaða á landareigninni þegar verið skráður í Sarp eftir ritheimildum og eru þeir staðir hafðir með hér þó að sumir þeirra falli utan skráningarsvæðisins. Hlaupandi númer þeirra sem falla innan skráningarsvæðisins eru feitletruð til aðgreiningar frá hinum. Hver jörð hlýtur einkennisstaf eða stafi. Skaftárdalur ber einkennisstafina SKD. Við vettvangsskráninguna var notað lítið GPS staðsetningartæki og

eru niðurstöður mælinganna skráðar við þá minjastaði sem við á: norður- og vesturbreidd, og hæð yfir sjó. Nákvæmni tækisins var oftast 5-6m.

Sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat

Ofangreind efnisatriði eru skráð við hvern minjastað þar sem þau eru þekkt. Með *sérheiti* er átt við örnefni viðkomandi staðar ef til er, t.d. Leiðólfssfell; *hlutverk* er t.d. bústaður, sel, kvíar; *tegund* er venjulega tóft eða heimild, það síðarnefnda ef ekki sjást merki um minjarnar; *ástand* getur verið gott, sæmilegt eða slæmt og er metið við skráningu á vettvangi; *hættumat* byggist á hættu af völdum náttúru, t.d. vegna uppblásturs, eða manna, þ.e. vegna ábúðar, byggingar- og ræktunarframkvæmdir.

Staðhættir og lýsing

Hér er greint frá afstöðu minjanna í landslaginu og til annarra nálægra minja í bæjarlandinu, og umhverfi þeirra lýst eftir því sem unnt er.

Heimildamaður og heimildaskrá

Við hvern minjastað er getið þeirra heimilda, bæði frá einstaklingum og úr ritum, sem stuðst er við til að fá upplýsinga um hann. Þar sem engar upplýsingar eru til er þessum atriðum sleppt í upptalningunni. Heimilda er einnig getið innan sviga í textanum þar sem við á. Þá er heimildaskrá aftast þar sem getið er allra þeirra heimilda sem stuðst er við í skýrslunni.

Staðhættir í Skaftárdal

Skaftárdalur er í Skaftárhreppi í Vestur Skaftafellssýslu.

"Land Skaftárdals er víðáttumikið og margbreytilegt. Merki móti Á eru að sunnan frá Skaftá (1) úr Mýrartorfufossi (2) um þvera Mjóutorfu (3), upp í vörðu á Skaflbrún (4), þaðan í vörðu á Miðfelli. Svo mön línar vera móti Skál norður í Leiðólfssfell er síðar getur og

úr því er það Skaftá" (Örnefnaskrá Skaftárdals).

"Land jarðarinnar sem er að mestu leyti víðáttumikið heiðaland liggur að Skaftá að vestan, Árlandi að suðaustan og síðan Skálarlandi að afréttarmörkum sem eru að norðan. Mestur hluti beitolandsins sem er óskipt milli allra jarðanna er afgirt. Bærinn stendur vestan undir Skaflinum sem er heiðarbrúnn ofan við bæinn og er túnið á torfum milli gilja" (Sunnl.byggðir IV) (sjá forsíðumynd).

Byggðasaga

Árið 1686 er jörðin eign konungs dýrleiki 20 hdr. Árin 1695/97 er jörðin eign Þykkvabæjarklausturs og 6hdr. að dýrleika (Björn Lárusson 1967, 335). Svo segir í Landnámu: "Leiðólfr kappi hét maðr; hann nam land fyrir austan Skaftá til Drífandi ok bjó at Á fyrir austan Skaftá, út frá Skál, en annat bú átti hann á Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli, ok var þá þar margt bygða" (ÍF I, 326-7). Séra Jón Steingrímsson (1907-15) telur Leiðólfsfell einnig meðal eyðibæja og segir að þar sjáist tóftir. Brynjúlfur Jónsson (1909, 12-14) sá rústir á þessum stað á ferð sinni 1909. Leiðólfsfell er í landi Skaftárdals, inn með Skaftá austanmegin, alllangt frá öðrum bæjum. Byggð þar hefur að öllum líkindum ekki staðið lengi. Þar sem Leiðólfsfell er utan þess svæðis sem skráð var að þessu sinni, var staðurinn ekki skoðaður.

Þegar Skaftáreldahraunið rann 1783 breyttist landslagið á þessum slóðum mikið. Hraunið rann yfir nágrannabæina Á, Skál og Holt svo að færa þurfti þá upp í brekkurnar. Skaftáin þurfti að sama skapi að grafa sér nýjan farveg við hraunbrúnina. Brú er nú á henni vestan við bæinn, en vegurinn vestan árinna lokaðist í hlaupunum.

Á sama tíma breyttust sóknir á svæðinu. Nikulásarkirkja hafði verið í

Skál en þaðann er sungid annann huern dag helgann i Holtt oc tekr prestur ij merkur' segir í máldaga frá 1343 (DI II, 782-3), en bænhus var í Holti. Skálarsókn var lögð niður eftir Skaftárelda, Holt og Skál voru lagðir til Prestsbakkasóknar, en Skaftárdalur og Á til Búlandssóknar (Sunnl.byggðir VI, 124).

Tvíbýli var í Skaftárdal til 1931 þegar Skaftárdalur II fór í eyði. 1955 eru tvö nýbýli reist á bænum og var þrúbýlt til 1973 þegar eitt þeirra fór í eyði. Búið var í Skaftárdal um 2000. Nú eru húsinn notuð sem sumarhús.

Fornleifaskrá SKDI-

163435 122 - 1

Sérheiti: Leiðólfsfell

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Friðlýst: Já

Staðhættir og lýsing

"Svo segir í Landnámu IV, 11: »Leiðólfr kappi hét maðr; hann nam land fyrir austan Skaftá til Drífandi ok bjó at Á fyrir austan Skaftá, út frá Skál, enn annat bú átti hann á Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli, ok var þar þá margt bygða«. Leiðólfsfell telur [13] sr. J St. einnig meðal eyðibæja og segir að þar sjáist tóftir. Nú spurði eg ýmsa um tóftir þar. En enginn hafði séð þær eða heyrt þeirra getið. Samt vildi eg fara þangað. Björn, sonur Runólfs bónda í Holti, fór með mér þangað, maður vel að sér og fornleifavinur. Leiðólfsfell er inn með Skaftá austanmegin og er þangað alllangur vegur frá næstu bæjum. En næstir bæir eru nú Hervararstaðir og Skaftárdalur. Og eigi vita menn af eyðibæjum á þeirri leið nema Helgastöðum. Þó segir Landn. »þar var þá margt bygða«. Eigi þetta að skiljast um heiðarlandið milli Leiðólfsfells og byggðarinnar, sem nú

er, dettur manni í hug, að Landnámuritari hafi hér haft lausasögn fyrir sér, því landslag bendir ekki til, að þar hafi nokkurn tíma getað verið »margt bygða«. En orðin munu eiga annarstaðar við. Fyrir 1783 rann Skaftá eftir afarmiklum dal, og var hann miklu breiðastur á svæðinu móts við Leiðólfssfell, inn þaðan og fram þaðan. Þar var svo mikið landrými, að vestan megin árinna er sagt að hafi verið 12 bæir á því svæði, og er það enn kallað Tólfahringur. Nú geri eg ráð fyrir, að þar á móts við, austan megin, hafi líka verið bæir með Skaftá. Með því móti verða þessi orð Landnámu rétt. Þá er Tólfahringur eyddist, hafa þá þessir bæir eyðst um leið. Hraunflóðið 1783 hefir svo farið yfir rústir þeirra, en nöfnin verið týnd áður. Um þetta getur nú hver haft sína meiningu.

Leiðólfssfell er ekki stórt ummáls. Framundan því gengur hjalli nokkur, sem að framan hefir lágur brekkur ~g ofan frá þeim líðandi halla ofan að ánni, sem þar kemur austan fyrir fellið, rennur vestur sunnan megin þess og síðan út í Skaftá. Austan og ofan til er hinn líðandi halli rennisléttir vellir, einkar fagrir, en þeir skiftast þó í margar spildur af giljum og skurðum, er koma ofan úr hjallanum og renna til árinna. Eru þau meira og minna grafin af leysingarvatni. Ein hin stærsta og fegursta spildan er milli tveggja stærstu giljanna og eru þau með hinum austustu. Auðséð er á þeim giljum að víða hafa þau grafið sig nýlega og halda því víst áfram. Spildan milli þeirra er slétt ofan til og langt niðureftir, en neðan til er hún gráflekkótt af garnburmosa, sem þar er víða mikið af. Þar niðurfrá, sem sléttan þrýtur, liggur yfir um hana fornt garðlag, frá einu gili til annars. Þar endar hann báðum megin. En vel getur verið, að meðan gilin voru ógrafnir lækir, hafi garðar haldið áfram upp með þeim, en hafi fallið í þá, er þeir grófu sig meir og meir. Ofarlega á

vesturbakka eystra gilsins, eigi all langt frá hjallabrekkunni er tóftarbrot, sem liggur langs með gili og svo nærri því, að austurveggur tóftarinnar er fallinn í það. Þar er [14] það mjög grafið og sést hleðslugrjótið þar hrapað niður lengra og skemra ofan moldarbrekkuna. Lengd tóftarinnar heldur sér og er rúml. 6 fðm. Breiddin frá vesturveggnum að gilsbakkanum er 2 1/2 fðm. Á vesturveggnum er að sjá sem 2 óregluleg skörð og skamt á milli. Þori eg þó ekki að taka þau fyrir dyr, því veggir og gaflar eru alsettir mosahnúðum, sem margir eru allstórir og aðskildir hver frá öðrum. Skörðin er því ekkert að marka, enda þó ég álíti réttara að geta þeirra. Þykir mér engu ólíklegra, að dyrnar hafi verið á austurveggnum. Og eigi má vita nema hann hafi verið nokkurs konar miðveggur og annað jafnstórt hús austanmegin hans. Hefði þá húsaskipun verið lík og á Eiríksstöðum í Haukadal (sjá mynd í Árb. '95). Það hús hefði gilið þá grafið burt. Gæti það vel verið, en ekki er hægt að vita neitt um það. Víst er, að gilið hefir ekki verið niðurgrafið þegar bygðin var hér. Það hefir þá verið bæjarlækur þessa bæjar. Litlu neðar en á móts við tóftina kemur annar gilskurður (c) saman við bæjargilið (sem er merkt b). Hann er stuttur, en djúpur og þröngur og lítur út fyrir að hafa myndast svo að segja nýlega. Á sléttu svæði fyrir austan hann, bakvið dálítinn hól, eru 2 tóftir, hústóft nál. 7 fðm. löng og 2 fðm breið, og ferhyrningur 3 fðm. á hvern veg. Hann hygg ég heystæði, en hústóftina fjós og mun það hafa verið einstætt. - Eins og skurðirnir eru nú, eru þeir svo illir yfirferðar, að engum hefði dottið í hug að hafa þá, milli fjóss og bæjar. Mundi fjósið sett á annan stað ef þeir hefði þá verið svo. En þá mun skurðurinn b hafa verið grunnur bæjarlækur og -skurðurinn c lítið drag eða jafnvel ekki til. (Skurðirnir eru þannig merktir á uppdrætti, sem ég læt

fylgja, og er skurðurinn fyrir vestan túnspilduna merktur a). Mjög fagur bústaður hefir verið á þessum stað og landskostir góðir. En eigi er á rústunum að sjá, að bygðin hafi haldist þar lengi." (Brynjúlfur Jónsson, 1909)

Aðrar upplýsingar

Rústir fornbylisins Leiðólfsfells, sunnanundir fellinu austantil. Sbr. Árb. 190,9: 13-14 (með uppdrætti). Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 29.05.1931 (skrá, 1990).

Heimildaskrá: Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1909. *Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1990.

SKDI-163435122 - 2

N:63°47.817 V:18°28.971
162 m.y.s.

Sérheiti:	Skaftárdalur
Hlutverk:	bústaður
Tegund:	bæjarhóll
Ástand:	svo til horfinn
Hættumat:	hætta vegna ábúðar
Friðlýst:	nei

Staðhættir og lýsing

"Bærinn stendur í dalverpi sunnarlega í landareigninni ... Vestur af gamla bænum var gróðurlítið svæði, sem alltaf var nefnt Sker (60)." (Kristján Pálsson). "Í Skaftárdal eru tveir bæir. Í eystri bænum er bollasteinn úr blágrýti, hér um bil 100 pund að þyngd. Bollinn í honum var mér sagt að tæki >>réttmælda<< 3 potta. Sigurður sál. Vigfússon hafði skoðað steininn og farið fram á að fá hann fluttan til Forngripasafnsins, Eigi hafði þó orðið af því." (Brynjúlfur Jónsson).

Gamli bærinn stóð þétt sunnan við núverandi íbúðarhús sem liggur í miðjunni og efst þeirra 3ja íbúðarhúsa sem nú standa í hnapp nokkurn spöl

upp í hlíðinni frá Skaftá (fremstu hús á forsíðumynd). Húsið sem nú stendur byggði Kristján Pálsson um 1970, en hann var síðasti bóndinn á þessum hluta jarðarinnar. Bæjarhólnum var jafnað út 1987 þegar núverandi eigendur eignuðust íbúðarhúsið. Örlitlar byggingaleifar þess sjást enn vestast á bæjarstæðinu.

Heimildaskrá: Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1909. Kristján Pálsson. *Skaftárdalur, Skaftárhreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

Heimildamaður: Sigurður Hjaltason og Aagot Sverrisdóttir.

SKDI-163435122 - 3

Sérheiti:	Seltorfa
Hlutverk:	sel
Tegund:	heimild
Ástand:	ómetið
Friðlýst:	nei

Staðhættir og lýsing

Austast, eða á merkjum, er Seltorfa (7). Vestan við Torfuna er nafnlaust gil, en í því er foss, Seltorfufoss (8). (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson. *Skaftárdalur, Skaftárhreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 4

Sérheiti:	Hústorfa
Hlutverk:	bygging
Tegund:	heimild
Ástand:	ómetið
Friðlýst:	nei

Staðhættir og lýsing

"Þar næst er Hústorfa (13), og upp af henni heitir Hústorfuklif (14). Þá er næsta torfa, Stekkjartorfa (15), svo er Langatorfa (16), þá Tóftartorfa (17)" (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435122 - 5

Sérheiti: Stekkjartorfa
Hlutverk: stekkur
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Þar næst er Hústorfa (13), og upp af henni heitir Hústorfuklif (14). Þá er næsta torfa, Stekkjartorfa (15), svo er, Langatorfa (16), þá Tóftartorfa (17). (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 6

Sérheiti: Tóftartorfa
Hlutverk: tóft
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Þar næst er Hústorfa (13), og upp af henni heitir Hústorfuklif (14). Þá er næsta torfa, Stekkjartorfa (15), svo er Langatorfa (16), þá Tóftartorfa (17). (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 7

Sérheiti: Innraklif
Hlutverk: leið
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Þar næst eru brekkur, sem heita Krókar (21). Brúnin upp af þeim heitir Krókaskafli (22), og brúnin öll, upp af öllum torfunum, heitir Skafl (23). Innan til í þessum Skafli er gata upp á heiðina, sem heitir Innraklif (24). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 8

Sérheiti: Vörðuhólmi
Hlutverk: varða
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Svo er stórt vatn, Eystra-Miðvatn (30). Þá er Vörðuhólmi (31), þá Vestra-Miðvatn (32). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435122 - 9

Sérheiti: Götuhólmi
Hlutverk: leið
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Þar sem Dalsá kemur út í vatnið og fram, er kallað Bás (42), og fyrir framan hana er Götuhólmi (43), og áll milli Háaskers og Götuhólma heitir Götuhólmaáll (44). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 10

Sérheiti: Stöðultorfa
Hlutverk: stöðull
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Vestan við Mýrartorfu er Gvendargil (47). Þar fyrir vestan er Stöðultorfa (48), svo er Bæjargil (49). (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 11

N: 63°47.781 V: 18°29.264
167 m.y.s.

Sérheiti: Kvíatorfa
Hlutverk: kvíar
Tegund: þúst
Ástand: sæmilegt
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Vestan við bæ eru svo Kvíatorfa (53) og Tumatorfa (54). (Kristján Pálsson). Rétt norðan við gamla túnið, í næstu hvilft, eru óljós merki um mannvirki. Í dæld sem liggur í norður-suður, virðist vera þverveggur. Engin merki eru um

veggi í hliðum dældarinnar. Á þessu er þó kvíalag.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.

Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari

Gíslason skráði.

SKDI-163435122 -12

Sérheiti: Lambhúshóll
Hlutverk: lambhús
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Túnið fyrir neðan bæinn heitir Rani (55), og þar neðar er Rásin, sem fyrr var getið. Neðan hennar er Hrauntanginn. Í hrauninu er hóll, grasi vaxinn, sem heitir Lambhúshóll (56). (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435122 -13

Sérheiti: Kolatangi
Hlutverk: kolagerð
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Niður af vestri bænum er Kolatangi (58), og austan hans lægð, nefnd Koladalur (59). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 14

N: 63°47.933 V: 18°30.194

171 m.y.s.

Sérheiti: Stekkur
Hlutverk: stekkur
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"vestan gilsins er Sandgilshnúkur (63). Þar niður við vatnið eru hrauntangar, sem heita Stekkjarnef (64). Vestan undir þeim er Stekkur (65)." (Kristján Pálsson).

Sunnan við klettabelti sem liggur í vestur að Skaftá. Norðan við er grjóthrun úr klettabeltinu, lágvaxið víðikjarr annars staðar. Rétt sunnan við er árfarvegur sem áin rennur stundum um. Landþröngt.

Hringlaða, grjóthlaðinn, byggður upp í urðina, mosagróður ofaná veggjum. Inngangur úr austri. Vestan við er lambakró með inngangi úr suðri. Innan þvermál stekks: 3,35 + veggur 4 + lambakró 5 + veggur 5,35m.



Mynd 1. Stekkur, 122-014, séð í suður.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 15

Sérheiti: Magnúsarvarða
Hlutverk: varða
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Uppi á Skerinu, vestan við bæinn syðst, er Magnúsarvarða (66). Hana hlóð Magnús Magnússon, sem lengi bjó í Skaftárdal við mikla rausn. Allar holur milli steina eru fylltar með sauðaleggjum. Byrjaði Magnús á því, og síðan hefur því verið haldið áfram." (Kristján Pálsson.).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 16

Sérheiti: Heybandsgata
Hlutverk: leið
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Upp Botnaskafl að austan er gata, sem heitir Heybandsgata (74). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435122 - 17

N: 63°48.433 V: 18°30.266

216 m.y.s.

Sérheiti: Náththagahús
Hlutverk: fjárhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Vestan við Botnaskafli er Náthagi (75), sem nær vestur undir Eldvatn. Fremstatorfa (76) er í Náthaganum vestar og norðar, ofan við brúna, sem nú er á Skaftá. Fremst í Náthaganum er Breiðatorfa (77). Upp af Náthaganum er hár, mosavaxinn hóll, Grubbusker (78) og Bárðarskjól (79)." (Kristján Pálsson). Grasi gróið, ræktað tún allt um kring. Húsin standa í miðjum nátthaganum. Ferhyrind, vísa í suður, tvöföld með 2 gróft steiptum gördum, 13 x 7 skref að innanmáli, grjóthlaðnir veggir standa í 1,5 m hæð; hlaða í norðurendanum, 8 skrefa löng, hæð veggja um 2m. Bárujárnsleifar eru inni í henni. Öll eru húsin niðurgrafin, hlaðan þó mest. - Rétt austan við suðurgaflinn, sem hefur væntanlega verið úr timbri sem hefur verið fjarlægt, eru dældir. Eiríkur telur að þar hafi verið tekið torf í vegg húsanna. Hann taldi Böðvar Kristjánsson, bónda í Skaftártungu 'il frá 1955, hafa byggt þessi hús.



Mynd 2. Fjárhús 122-17, séð í suður.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.

Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKDI-163435 122 - 18

Sérheiti: Selbotnar
Hlutverk: sel
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Austur af Melkinn eru Selbotnar (90)... Vestan við lækinn heitir Langasker (103). Vestur af því eru Selmýrar (104). Vestan þeirra er Bárðargil (105). Úr því er rennsli niður í Selbotna." (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá

Kristján Pálsson. *Skaftárdalur, Skaftárhreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 19

Sérheiti: Hlóðir
Hlutverk: hlóðir
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Vestan við lækinn heitir Langasker (103). Vestur af því eru Selmýrar (104). Vestan þeirra er Bárðargil (105). Úr því er rennsli niður í Selbotna. Þar vestur af er holt, sem heitir Hlóðir (106). (Kristján Pálsson).

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.

Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435 122 - 20

Sérheiti: Vörðusker
Hlutverk: varða
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: hei

Staðhættir og lýsing

"Vestan við Selmýrar eru Vörðuskersmýrar (108) og Vörðusker (109)." (Kristján Pálsson)

Heimildaskrá: Kristján Pálsson. *Skaftárdalur, Skaftárhreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

SKDI-163435122-21 N:

63°47.809 V: 19°29.112 160

m.y.s.

Sérheiti: Völvuleiði
Hlutverk: álagablettur
Tegund: þúst
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Á Tumatorfu (54) er völvuleiði (136). Það snýr frá landnorðri til útsuðurs. Magnús í Skaftárdal sagði, að völvuleiði hefðu þá stefnu." (Kristján Pálsson, Jóhanna Eyjólfsdóttir). Austast á Tumatorfu, alveg við snarbratta brekku niður að Bæjarlæk, er grasi vaxin þúst. Hún sést mun betur heiman frá bænum, sem er ekki langt vestan við, en þar blasir þústin við fremst við barðið.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson, Jóhanna Eyjólfsdóttir. Athugasemdir við Örnefnaskrá Skaftárdals. Örnefnastofnun.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson.

SKDI-163435122 - 22

Sérheiti: Tumaleiði
Hlutverk: leiði
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Fyrir ofan tún í Skaftárdal heitir Tumastofa. Í henni er dys, er kallast Tumaleiði. Er nokkurn veginn auðséð, að grafið hefir verið í leiðið. Engin sögn er um Tuma." (Brynjúlfur Jónsson).

Vestan við bæ eru svo Kvíatorfa (53) og Tumatorfa (54). (Kristján Pálsson). Norðan við Kvíatorfu, vestan við Bæjarlækinn, heitir Tumatorfa. Túngarðurinn um gamla túnið, 122- 005, liggur þvert yfir austurenda torfunnar. Eiríkur Jónsson kallaði þetta álagablett og sagði að Kristján Pálsson bóndi hefði neitað Vegagerðinni um að leggja veg hér yfir. Brynjúlfur Jónsson kallar staðinn Tumastofu (líklega prentvilla í Árbók; í Örnefnaskrá er talað um Tumatorfu) og segir að í henni sé dys sem kallist Tumaleiði. Augljóst sé að grafið hafi verið í leiðið. Engin merki sáust um það.

Heimildaskrá: Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1909. Kristján Pálsson. *Skaftárdalur, Skaftárhreppi*. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKD-163435-122-023

N: 63°47.766 V:18°29.113

161 m.y.s.

Sérheiti: Lambhústóft
Hlutverk: lambhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Í jaðri gamla túnsins vestan við bæinn sem ekki er lengur nýtt. Nokkrar aðrar tóftir eru í þessu túni. Veggir. sem eru grjót- og torfhlaðnir standa, en þak er

fallið inn. Ferköntuð, dyr eru á miðjum suðurgafl. Vísar í suðaustur, 9 x 5,5m að utanmáli. Húsið var notað í tíð Eiríks Jónssonar bónda sem kom í Skaftárdal 1986. Hann hefur hug á að gera það upp.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson



Mynd 3. Lambhústóft, 122-23, séð í norðaustur.

SKD-163435-122-024

N: 63°47.749 V: 18°29.108

157 m.y.s.

Hlutverk: útihús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei



Mynd 4. Útihús, 122-24, séð í norður.

Staðhættir og lýsing

Lág er vestan við lambhústóft (2) og þessi tóft er vestan hennar. Hún er

ferhyrnd, vísar í suðaustur-norðvestur og hafa dyr líklega verið á vesturhliðinni. Þaklaus með allháum veggjum. Gaflar eru hærri. Leifar af bárujárnsþaki inni. 7,5 x 4 skref að utanmáli.

SKD-163435-122-025

N: 63°47.740 V: 18°29.209

167 m.y.s.

Hlutverk: fjárhús og hlaða
Tegund: tóftir
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei



Mynd 5. Fjárhús, 122-025, séð í norður.

Staðhættir og lýsing

Í vesturjaðri gamla túnsins. Túngarðurinn er rétt vestan við. Fjárhúsin standa vel uppi. Í þeim er garði. Suðurgaflinn, sem er trégrind með bárujárni, hefur fallið út. Aðrir veggir eru grjóthlaðnir; norðurgaflinn er yfir 2m á hæð. Innanmál er 9 x 2,5 skref.

Vestan við er sambyggð hlaða, jafnstór og fjárhúsin og niðurgrafin. Veggir standa í fullri hæð. Dýpt er 3-4m.

Enn vestar og sambyggður hlöðunni er hrúta- eða lambakofi, 4 x 2 skref að innanmáli. Veggir standa í fullri hæð, um 2m á hæð.

Eiríkur Jónsson telur að vesturbærinn hafi upprunalega verið á þessum

slóðum frekar en heima á hlaðinu eins og síðar varð.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson.



Mynd 6. Fjárhús, hlaða og kofi, 122-025, séð í austur.

SKD-163435-122-026

Hlutverk: túngarður
Tegund: garðlag
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Túngarðurinn markar vesturjaðar gamla túnsins og austurhlið þess. Hann liggur í norður-suður rétt vestan við rútsamsteypu 122-025 og beygir til austurs, í átt að bæjarhúsum, rétt norðan við hana. Hann er vel varðveittur, hlaðinn úr torfi og mold upp í strítu og um 1,5m á hæð.



Mynd 7. Túngarður, 122-026, í austur.

SKD-163435-122-027

N: 63°47.756 V: 18°29.237
168 m.y.s.
Hlutverk: rétt
Tegund: garðlag
Ástand: gott
Hættumat: lítil hætta
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Rétt norðan við norðvesturhorn túngarðs er hvílt í landið. Í henni virðist vera grjóthleðsla sem myndar horn. Rof er í túngarðinn rétt sunnan við. Óljóst er hvort þarna hefur verið hlið inn á túnið. Hvilftin, sem er um 6 skref að lengd í norður frá túngarðinum, er alldjúp, líklega af náttúrulegum völdum. Hér gæti hafa verið einhvers konar aðhald.



Mynd 8. Aðhald, 122-027, séð í austur

SKD-163435-122-028

Hlutverk: reiðgata
Tegund: gata
Ástand: lélegt
Hættumat: mikil vegna eyðingar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Í vestur frá bænum, um vesturenda Kvíatorfu og svo í suður í átt að Skaftá, lá reiðgata. Sér enn óljós merki hennar.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKD-163435-122-029

N: 63°47.729 V: 18°29.230

167 m.y.s.

Hlutverk: útihús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Innari gamla túnsins vestan við bæinn, alveg upp við túngarð, í vestur frá 122-025. Ferhyrnd, niðurgrafin, 4,5 x 2 skref að ummáli, dyr í suð-austur horni, veggir grjóthlaðnir. Yfirgróin. Af stærð má ráða að þetta hafi verið lamba- eða hrútakofi, eða hesthús.

SKD-163435-122-030

N: 63°47.687 V: 18°29.201

165 m.y.s.

Hlutverk: útihús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei



Mynd 9. Útihús 122-030, séð í norð-austur.

Staðhættir og lýsing

Innan gamla túnsins vestan við bæinn, alveg upp við túngarð, beint suður af 122-029. Brött grasi gróin brekka er austan við; síðan tekur túnið við. Ferhyrnd, niðurgrafin og djúp tóft. Veggir eru úr grjóti og torfi, 1,5 m að

hæð, dyr í suðurgafli. 2,5 x 2 skref að innanmáli. Yfirgróin. Af stærð má ráða að þetta hafi verið lamba- eða hrútakofi, eða hesthús.

SKD-163435-122-031

Hlutverk: gerði/nátthagi/rétt
Tegund: garðlag
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei



Mynd 10. Gerði, 122-031, séð í suður



Mynd 11. Gerði, 122-031, séð í norður.

Staðhættir og lýsing

Við suðvesturenda túngarðs um gamla túnið er tvískipt gerði utan/vestan við túngarðinn, en hann myndar austurhlið gerðisins. Vesturhliðin notast líklega við náttúrulegah stall sem hlaðið hefur verið ofaná. Að austanverðu er grasi

vaxin brekka, mosaþemba að vestan. Nyrðra hólfið er 16, 5 skref að innanmáli, það syðra 19 x 6 skref. Á milli er 1m breiður veggur. Áin rann hér rétt sunnan við áður en hún var brúuð. Þar sem hún rann er nú hraun.

SKD-163435-122-032

N: 63°48.058 V:

18°29.309 201 n.ý.s.

Sérheiti: Miðtungur

Hlutverk: fjárhús

Tegund: tóft

Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Stendur norðan við bæjarhúsin. Gróíð sléttlendi er allt um kring. Rétt vestan við tóftina er vegur sem liggur inn á nýrækt. Frehyrnd tóft sem vísar í suður, tvöföld með 2 steiptum gördum eftir endilöngu. Grjóthlaðnir veggir:

Innanmál fjárhúsa er 16 x 7,5 skref. Norðan við er aðeins dýpta svæði, 4 skref að lengd, líklega hlaða. Böðvar Kristjánsson og Kristján Pálsson, bændur í Skaftárdal byggðu þessi hús og Eiríkur Jónsson notaði þau fyrst eftir að hann kom.



Mynd 12. Fjárhús 122-032, í norður.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.

Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKD-163435-122-033

N: 63°48.398 V: 18°29.285

251 m.ý.s

Sérheiti: Botnaskafl

Hlutverk: sauðahús

Tegund: tóft

Ástand: gott

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Alveg við brekkurætur Botnaskafls. Graslendi allt um kring, gott útsýni yfir Skaftá. Ferhyrnd, vísa í suðvestur (220°), með einum grjóthlöðnum garða í miðju og jötum með veggjum, 12 x 5,5 skref að innanmáli. Suðurgaflinn er grjóthlaðinn með um 1m breiðum dyrun fyrir miðju. Veggir eru jafnháir langveggjum í hornunum en mun lægri næst dyrum báðum megin. Hlaða er norðan við sem nær heldur lengra til vesturs en sauðahúsin, grjóthlaðnir veggir varðveittir upp í 2m hæð, 8 skrefa breið og 3 skrefa löng. - Hér voru sauðir hafðir á beit allt árið og lítið gefið, þar til 1942 þegar sauðahald lagðist af.



Mynd 13. Sauðahús, 122-033, séð í suður.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari
Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKD-163435-122-034

N: 63°48.260 V: 18°28.439

222 m.y.s.

Sérheiti: Gvendartorfa
Hlutverk: útihús
Tegund: tóft
Ástand: sæmilegt
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Rétt fyrir neðan Gvendartorfu. Sunnan við er Gvendargil. Allt um kring er mosaþemba. Ferhyrnd og e.t.v. tvískipt, vísar í vestur (250°), 4,5 x 2 skref. E.t.v. hlaða í austurendanum sem er 2 skref að lengd. Aðeins veggjaundirstöður eru sjáanlegar: innri og ytri hleðslubrún, breidd um 1m. Óljósari en þær tóftir sem skráðar hafa verið og líklega eldri. Gæti verið sauðakofi.



Mynd 14. Útihús 122-034, séð í vestur.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari
Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson

SKD-163435-122-035

N: 63°48.238 V: 18°28.503

218 m.y.s.

Hlutverk: torf-/mógröf
Tegund: dæld
Ástand: sæmilegt
Hættumat: lítil hætta
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Beint vestur af 122-034. Óljós dæld sem vísar í norður-suður. 5-6 x 2,5m að umfangi. Veggjahæð 0,75m. Norðan við er ferhyrnd dæld.

SKD-163435-122-036

Hlutverk: rétt
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

12 skrefum vestan við 122-014. Norðan við er snarbratt klettabeltið sem myndar norðurhlið réttarinnar. Austan við er víðikjarr. Grjóthlaðin eins og stekkurinn, með mosa ofan á veggjum. Hlið er í austurenda. Lengd 14,5m. Á 4,5m úr austri myndast horn og réttin breikkar.



Mynd 15. Rétt, 122-036, séð í austur.

SKD-163435-122-037

N: 63°49.177 V: 18°28.747

302 m.y.s.

Sérheiti: Selbotnar
Hlutverk: fjárhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: lítil hætta
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Á hálendinu innan við Náttþaga. Gróinn holli í hálendislandslagi. Stór grjóthlaðin tóft sem vísar í suður, gerð úr hellum. Norðurgafli er hlaðinn upp í miðju. Dyratré yfir dyrum í suðurgafli og grjór ofaná. Norðurhlutinn er afmarkaður með hellu upp á rönd og steinaröð þvert yfir. Lengd þessa hluta er 2,5 skref + lengd að suðurgafli 9 skref, breidd 3 skref. Gafiveggjahæð c. 2m. Jötur með hliðum. Austan við og samhliða tóftinni er óljós, yfirgróin tóft. Líklega aðhald eða heytóft. Norðan við tóftina er hlaða, djúp, c. 2,5 skref að lengd. Hún er mun óverulegri en fjárhústóftin.



Mynd 16. Fjárhús, 122-037, í suður.

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.
Skaftárdalur, Skaftárhreppi.
Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari
Gíslason skráði.

Heimildamaður: Eiríkur Jónsson



Mynd 17. Séð yfir tóftasamstæði 122- 037 í suður.

SKD-163435-122-038 N:

63°47.811 V: 18°28.815

156 m.y.s.

Hlutverk: fjárhús
Tegund: tóft
Ástand: gott
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Austan við gilskorning austan bæjar. Tún austan og norðan við, gilið vestan við, grasbrekka að sunnan. Tvö samhliða hús með þykkum vegg á milli, vísa í 210°. Í því austara er einn garði í miðju og hlaða við norðurendann. Veggir hlöðu eru grjóthlaðnir, c. 2,7m að hæð. Veggir fjárhúss eru yfirgrónir. Steypa er í suðurgafli. Innan lengd: 10,5, hlaða 4, breidd 5,1 skref. Austari króin er breiðari en sú vestari. Enginn garði er í vestara húsinu. Gæti verið rétt.

SKD-163435-122-039

N: 63°47.918 V: 18°29.039

181 m.y.s.

Hlutverk: fjárhús
Tegund: tóft
Ástand: sæmilegt
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

Norðan við bæinn, rétt norðvestan við ný fjárhús, innan bæjarstæðisins. Tún eru að sunnan og vestan. Ferhyrnt hús með bárujárnsþaki og grjóthlöðnum veggjum. Vísar í 220°. Sömu gerðar og önnur hús á svæðinu. Utanmál: 12 x 6 skref. Hrunið er úr suðvesturhorninu. - Austan við húsið er fallega hlaðin rétt með rúnnuðum hornum. Innanmál: 12 x 20. Op er út úr fjárhúsinu á austurhlið. Hlið í réttina er í suðausturhorni og annað austarlega á suðurhlið.



Mynd 18. Fjárhús og rétt, 122-039, séð í norður.

SKD-163435-122-040

Hlutverk: bollasteinn
Tegund: heimild
Ástand: ómetið

Staðhættir og lýsing

"Í Skaftárdal eru tveir bæir. Í eystri bænum er bollasteinn úr blágrýti, hér um bil 100 pund að þyngd. Bollinn í honum var mér sagt að tæki "réttmælda" 3 potta. Sigurður sál. Vigfússon hafði skoðað steininn og farið fram á að fá hann fluttan til Forngripasafnsins. Eigi hafði þó orðið af því" (Brynjúlfur Jónsson, 1901, 14).

Heimildaskrá: Brynjúlfur Jónsson 1909, 14.

SKD-163435-122-041

Sérheiti: Koladalur
Hlutverk: kolagerð
Tegund: heimild
Ástand: ómetið
Friðlýst: nei

Staðhættir og lýsing

"Niður af vestribænum er Kolatangi og austan hans lægð, nefnd Koladalur".

Heimildaskrá: Kristján Pálsson.

Skaftárdalur, Skaftárhreppi.

Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari

Gíslason skráði.

Niðurstöður skráningar

Í þessari skýrslu eru skráðir 41 minjastaðir. Þar af voru 24 skráðir á vettvangi innan marka þess lands á landareigninni sem taka á undir skógrækt (merkt 'samningssvæði' á útbrotu korti aftast). Austan við Dalsá er allstórt landsvæði sem tilheyrir jörðinni sem enn er óskráð. 17 skráningar í skýrslunni eru byggðar á heimildum, aðallega örnefnaskrá. Enginn minjastaður innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er friðaður.

Flestar minjanna eru tóftir grjót- og torfhlaðinna útihúsa sem mörg voru notuð allt þar til byggð lagðist af á bænum. Eru þær yfirleitt vel varðveittar og sýna vel byggingarlag síðasta skeiðs þessarar tegundar útihúsa á Íslandi. Einnig sýna þær vel hvar slík hús voru staðsett innan bæjarlandsins. Sérlega er áhugavert að sjá staðsetningu sauðahúsa allfjarri bænum, en tilgangur þeirra þar var að nýta vetrarheitina. Rústaþyrpingin rétt vestan við bæjarhúsin (23-25 og 29-30) og réttir (31) og túngarðar (26) sem tengjast þeim mynda sérlega heillega heild. Byrjað er að hrynja úr túngarðinum, og er hætta á að sú eyðing haldi áfram ef ekkert er að gert. Áhugaverðasti og fallegasti minjastaðurinn er stekkur (14) alllangt

vestan við bæinn, en hann er mjög vel varðveittur. Ástæða er til að varðveita hann til framtíðar.

Þau svæði sem minjar eru skráðar á eru undanþegin fyrirhugaðri skógrækt (sjá skýringar á korti aftast) og eru minjarnar því ekki í bráðri hættu vegna hennar.

Heimildaskrá

Árbókferðafélags Íslands 1983. Vestur Skaftafellssýsla austan Skaftár og Kúðafljóts.

Björn Lárusson, 1967. *The old Icelandic Land Registers*. Lund

Brynjúlfur Jónsson, 1909. Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1909*, 3-23.

DI - *Íslenskt fornbréfasafn* II. Kaupmannahöfn 1893.

Einar Ólafur Sveinsson 1948. Landnám í Skaftafellssýngi. *Skaftfellingarit* 2, 198 síður. Reykjavík. Skaftfellingafélagið.

Það menningarlandslag sem er að sjá í Skaftárdal er áhugaverður vitnisburður um það búskaparlag sem hélst á Íslandi frá ómunatíð og allt fram á 20. öld. Sem slíku er þess virði að leyfa því að standa.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Georgsson tók saman. Fyrsta útgáfa. Fornleifanefnd. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1990 .

ÍF I *Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1969.

Jón Steingrímsson 1907-15. Skýrslur um Skaptárgosin 1783. *Safn til sögu Íslands IV*, 1-73. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Kristján Pálsson. Skaftárdalur, Skaftárhreppi. Örnefnastofnun Íslands 1963. Ari Gíslason skráði.

Sunnlenskar byggðir VI. Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands 1985.

Skaftárdalur Skaftártungu

Landnúmer: 163435

Samningssvæði við Suðurlandsskóga.
Úrtök samningsvæðis.
Örnefni, fornleifar og verndarsvæði

1:9.000



Teknað ofan á loftmynd
frá Loftmyndum hf
júlí 2003-EG

Skýringar

- Örnefni
- Úrtök frá samningssvæði
- Verndarsvæði
- vatnafar
- Slóðar
- Byggingar
- Samningssvæði
- Fornleifar m.nr.
- Fornleifar_lína
- Vegir_SLS

Númer fornleifa vísa til
meðfylgjandi fornleifaskrár.

* Örnefni með númerum sbr
örnefnaskrá M.Finnbogasonar.
* Örnefni án númera: örnefni samkv
tillsögn Oddsteins Kristjánssonar
Hvammi, skráð 2002 beint á kortið.

